

## **Hreppsnefnd Langanesbyggðar kom saman til fundar fimmtudaginn 22. janúar 2009 kl. 17:15 í félagsheimilinu Þórsveri.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Hulda Sigurðardóttir, Árni Davíð Haraldsson, Hilma Steinarsdóttir, Þórir Jónsson, Jóhanna Helgadóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir og Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund.

### **DAGSKRÁ:**

#### **1. Fundargerðir nefnda og ráða.**

- Hreppsnefnd 08.01.09 (*Lögð fram*)
- Atvinnumálanefnd 12.01.09 (*Lögð fram*)
- Umhverfis-, skipulags- og bygginganeftnd 13.01.09  
*Samþykkt að framvegis verði hámarkshraði í ibúðargötum þéttbýlis 30 km. Sveitarstjóra falið málid til framkvæmdar. Fundargerð samþykkt samhljóða.*
- Íþróttá- og tómstundanefnd 13.01.09. (*Lögð fram*)

#### **2. Skýrsla sveitarstjóra.**

*Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum frá fulltrúum í hreppsnefnd.*

*Fram kom í máli sveitarstjóra m.a. að Heilbrigðisstofnun Austurlands muni frá og með 1. febrúar n.k. hætta að bjóða upp á reglubundna viðveru leknis á Bakkafirði. Hreppsnefnd Langanesbyggðar skorar á framkvæmdastjórn HSA að taka þessa ákvörðun til endurskoðunar m.a. með vísan til ibúafölgunar á Bakkafirði og þess að á ný er starfræktur öflugur vinnustaður á staðnum.*

*Slæmt ástand vega í og í nágrenni Langanesbyggðar kom til umræðu. Eftirfarandi tillaga kom fram:*

*Undanfarnar vikur hefur ástand á vegum milli Þórshafnar og Akureyrar oft verið mjög slæmt vegna hálku. Hreppsnefnd Langanesbyggðar hvetur Vegagerðina til þess að bæta þjónustu við hálkuvarnir, t.d. með söndun þannig að dregið verði úr slysahættu. Vegaaxlir eru viða orðnar sligaðar á leiðinni á milli Þórshafnar og Tjörness og vegur því viða orðin hættulegur við ríkjandi skilyrði. Samþykkt samhljóða.*


#### **3. Innsend erindi.**

##### **Til kynningar:**

- Félagsþjónusta Norðurþings – Fjölskyldupjónusta Þingeyinga, ársskýrsla 2007.
- Stjórn SSA – Kveðjur vegna Drekasvæðis.  
Svo hljóðandi kveðja barst með tölvupósti fóstudaginn 16.01.09:  
„Undirritaður hefur fylgzt af áhuga með þróun málá á „Drekasvæðinu“ og möguleikum þeim, sem það býr yfir bæði fyrir framangreind byggðarlög, Norð-Austurland og raunar Ísland í heild.“

*Flyt ykkur hér með hamingjuóskir frá stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi vegna þeirrar niðurstöðu sem nú liggur fyrir.*

*Sem sveitarstjóri Djúpavogshrepps sendi ég ykkur einnig árnaðaróskir frá íbúum Djúpavogshrepps.*



*Megi ykkur og íbúum byggðarlaganna vegna sem bezt í lengd og bráð.*

*Orðanotkun vanda mikið má  
mærðin svo ei fari úr leka kvæðinu;  
Innan tíðar allir vilja sjá  
olíuna streyma úr Drekasvæðinu.*

*Bj. Hafþór Guðmundsson, form. SSA og sveitarstjóri Djúpavogshrepps“*

- Samband íslenskra sveitarfélaga – Minnispunktar frá fundi með samgönguráðuneyti og Vegagerðinni um vegaskrá 08.01.09.
- Félag tónlistarskólakennara – Ályktun dags. 06.01.09

#### Til afgreiðslu:

- ASÍ – Aðgengi atvinnulausra að sundstöðum.  
*Erindinu vísað til íþróttá- og tómstundaneftnar til umsagnar.*
- Heilbrigðisráðuneytið – Áform um sameiningu heilbrigðisstofnana.  
*Hreppsnefnd Langanesbyggðar harmar að ekki skuli hafa verið haft frekara samráð, en raun ber vitni, við sveitarfélögum í landinu við vinnslu þeirra sameiningaráforma sem kynnt eru í bréfi ráðuneytis heilbrigðismála dags. 07.01.09. Með visan til þessa hvetur hreppsnefnd Langanesbyggðar til frestunar á gildistöku umræddra áforma um ókveðinn tíma en að leitað verði lausna í samvinnu við sveitarfélögum.*
- Vegagerðin – Veghald þjóðvega í þéttbýli í Langanesbyggð.  
*Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir ósk Vegagerðarinnar um að núverandi samningur um veghald í þéttbýli verði framlengdur til 1. júní 2009.*
- Þórarinn Stefánsson – Hugmynd að stofnun tónlistarfélags á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsýslum.  
*Samþykkt að vísa erindinu til fræðslu- og menningarnefndar til umsagnar.*

#### 4. Kátir dagar 2009 – Tillaga að fyrirkomulagi.

Lögð fram tillaga að fyrirkomulagi sem unnin var af sveitarstjóra og æskulýðs- og menningarfulltrúa að höfðu samráði við þá aðila er annast hafa undirbúnning og framkvæmd hátiðarinna á undanförnum árum. Gert er ráð fyrir því að framkvæmdastjórn verði í höndum æskulýðs- og menningarfulltrúa og að með viðkomandi starfi undirbúnings- og framkvæmdaneftnd er verði skipuð, auk hennar, einum fulltrúa úr Svalbarðshreppi, einum fulltrúa frá Bakkafirði, einum fulltrúa frá atvinnulífinu og einum fulltrúa frá félögum á svæðinu. Samþykkt samhljóða.

#### 5. Áherslur vegna skýrslu um Drekasvæði.

Fram var lögð bókun frá stjórnarfundi Drekasvæðis ehf. þar sem óskað er eftir því við sveitarstjórnir Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps að sem fyrst verði haldinn sameiginlegur fundur Drekasvæðis ehf. og sveitarstjórnanna þar sem framhaldið verði rætt.

*Samþykkt var að, auk sveitarstjóra, verði öllum fulltrúum í hreppsnefnd gefinn kostur á því að sitja slikein fund og að boðið verði upp á það að hann verði haldinn á Þórshöfn.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:35

*Ari Ólafur  
Hilma Steinarsdóttir*

*Guðrún Þ. Þórssen  
Jóhanna Ól.  
Björn J. Þórssen  
Nanna Þ. Skulðsdóttir*